

## Skólaráðsfundur 26. apríl 2017

Fundinn sátu:

Óskar G. Björnsson, P. Sandra Magnúsdóttir, Lydia Ósk Jónasdóttir, Inga Rósa Sigurjónsdóttir, Guðmundur Loftsson og Hallfríður Sverrisdóttir sem ritaði fundargerð.

Fundarefni:

Skóladagatal. Drög að skóladagatali næsta skólaárs kynnt. Skóladagatalið var rætt og útskýrt en verður formlega lagt fram til samþykktar á næsta fundi skólaráðs 10. maí.

Starfsmannakönnun. Niðurstöður nýrrar starfsmannakönnunar skólans kynntar. Niðurstöðurnar eru almennt mjög jákvæðar sérstaklega varðandi starfsánægju, starfsanda, starfsaðstæður, stjórnun, valddreifingu, stuðning í starfi og starfsþróun.

Önnur mál.

Fyrirspurn kom fram um leiktækin sem skólinn á og voru fjarlægð þegar hluti skólalóðar var tekinn í gegn. Leiktækin eru enn í geymslu þar til lóðin ofan við B-álmu verður skipulögð, en þar er áætlað að þau verði sett niður þegar skipulagið liggur fyrir.

Rætt um nýju umferðarljósini og hvernig þau koma út. Almennt gengur vel en komið hafa upp tilvik þar sem hætta getur skapast eftir skólatíma ef hnappurinn við gönguljósini er ekki notaður eða ef bílar stoppa á grænu ljósi til að hleypa nemendum yfir götuna. Ákveðið var að senda út bréf til foreldra varðandi umferðarljósini og ítreka að þau séu notuð á réttan hátt.

Indriði Einarsson sviðsstjóri framkvæmdasviðs kemur á næsta fund skólaráðs til að ræða framkvæmdir við skólann. Nemendasalerni í A-álmu verða endurnýjuð í sumar og skipt um lagnir.